

# STJÓRNARTÍÐINDI B 40 – 1990

---

22. júní 1990

797

Nr. 278

## REGLUGERÐ

**um bann við netaveiðum fiskiskipa 1. júlí – 15. ágúst 1990.**

1. gr.

Á tímabilinu frá og með 1. júlí 1990 til og með 15. ágúst 1990 eru allar þorskfisknetaveiðar bannaðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 22. júní 1990.*

F. h. r.

**Árni Kolbeinsson.**

---

*Jón B. Jónasson.*

11. júní 1990

Nr. 279

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 381/1989, sbr. 580/1989 um flugrekstur.**

1. gr.

Við f) lið greinar 2.2.2. bætist eftirfarandi:

Umsækjandi skal leggja fram fullnægjandi upplýsingar því til staðfestingar að hann ráði yfir nægjanlegu fjármagni til að standa straum af kostnaði vegna undirbúnings fyrirhugaðs flugresturs, að viðbættum kostnaði við þriggja mánaða rekstur.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 188. gr. laga nr. 34/1964 um loftferðir staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 11. júní 1990.*

**Steingrímur J. Sigfússon.**

---

*Halldór S. Kristjánsson.*

B 57

Prentsmiðjan Gutenberg hf.